

GREINARGERÐ

MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023

Ritstjórn: Fjármálasvið

KÓPAVOGSBÆJAR

FORSENDUR

LAGAUMGJÖRÐ

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2023 er lögð fram og unnin skv. fyrirætlum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögunum skal bæjarráð leggja fyrir bæjarstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir bæinn. Tillögu að fjárhagsáætlun skal skv. lögunum leggja fyrir bæjarstjórn ekki síðar en 1. nóvember og skal fjalla um tillögurnar á tveimur fundum með a.m.k. tveggja vikna millibili. Lokaafgreiðsla fjárhagsáætlunar skal liggja fyrir í síðasta lagi 15. desember.

Skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga er fjárhagsáætlun komandi árs bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir. Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema með samþykkt viðauka í bæjarstjórn. Á það við um allar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða. Samkvæmt álitni Reikningsskila- og upplýsinganefndar (númer 2/2012) þýðir tilfærsla milli liða tilfærslu á milli málaflokka.

Því ber að líta á fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar sem fjárveitingu til rekstrar og óheimilt er að víkja frá ákvörðun bæjarstjórnar í þeim efnum.

STEFNUMARKANDI FJÁRHAGSÁÆTLUN

Á árinu 2021 mótaði hvert svið sér stefnu og voru þær samþykktar í bæjarstjórn þann 12.10.2021.

Stefnunum fylgdu aðgerðaáætlanir sviða með mælanlegum markmiðum, mælingum og aðgerðum sem lagðar voru fram við gerð fjárhagsáætlunar og með hliðsjón af þeim var fjármagni forgangsraðað.

Markaði þetta upphaf stefnumarkandi fjárhagsáætlunargerðar hjá Kópavogsbæ.

Öll svið hafa uppfært aðgerðaráætlanir sínar fyrir árið 2023.

FJÁRHAGSLEGAR FORSENDUR

Við áætlun tekna bæjarins er stuðst við margvíslegar forsendur, en ekki þarf mikið að bera útaf í forsendum til að áætlanir gangi ekki eftir. Horft er til þjóðhagsspár Hagstofu Íslands við gerð áætlunar

Samkvæmt **þjóðhagsspá** Hagstofu Íslands sem gefin var út í júní 2022 var áætlað að **verðbólga** ársins 2022 yrði um 7,5%, en í þjóðhagspá sem birt var í nóvember 2022 er þessi spá komin í 8,2%. Nánar er fjallað um verðbólgu og verðbólguforsendur í kaflanum um fjármagnsliði. Á árinu 2023 var verðbólgan áætluð 4,9% samkvæmt júní spá Hagstofu, en samkvæmt nóvemberspá er verðbólga ársins 2023 áætluð 5,6%.

ÚTSVAR

Á myndinni til hliðar má sjá hver áætlun útsvars sex síðustu ára hefur verið til samanburðar við niðurstöðu hvers árs. Útsvar fyrir árið 2023 verður óbreytt eða 14,48%.

Við áætlun á útsvari þarf að horfa til væntrar útsvarstekna líðandi árs, fjölgunar íbúa í bænum, atvinnuleysis og launabróunar.


Á árinu 2020 var fjölgun í bænum mjög lítil í sögulegu samhengi, eða 0,98%. Á árinu 2021 réttist fjölgunin svo aftur við fjölgaði um 1,74% eða 866 manns. Við mat á fólksfjölgun í bænum til næstu ára er stuðst við gögn úr húsnæðisáætlun bæjarins, þar sem fram koma þrennskonar mannfjöldaspár, háspá, miðspá og lággspá. Við mat á fjölgun íbúa á árunum 2023 – 2026 er stuðst við þessar spár. Í húsnæðisáætlun koma m.a. fram upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúða fram í tímann og þar sem allar íbúðir sem koma til sölu í Kópavogi seljast strax. Því má ætla spá um fólksfjölgun þessara ára sé byggð á raunhæfum forsendum.

Gert er ráð fyrir því við gerð áætlunarinnar að **íbúum í bænum** muni fjölga um 2,17% á næsta ári og verði í árslok 2023 40.729 talsins.

Atvinnuleysi hefur lækkað verulega frá því Covid faraldurinn stóð sem hæst. Í nýrri þjóðhagspá kemur fram að vinnumarkaður verði sterkur og leiti til langtíma jafnvægis og sömu upplýsingar koma frá sérfræðingum Vinnumálastofnunar. Hins vegar gerir ný þjóðhagspá ráð fyrir að hlutfallslegt atvinnuleysi verði heldur hærra en í fyrri spá, eða 3,9% í stað 3,7%. Hins vegar má búast við að atvinnupátttaka og fjöldi starfandi muni styrkjast.

Nokkrir **kjarasamningar** á almenna markaðnum eru lausir í lok árs 2022 og á næsta ári fjöldi kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Almennt gildir, að hækkun launa hefur áhrif á bæði útgjöld bæjarins og tekjur, en útsvarstekjur hækka með hærri launatekjum



Útsvarsgreiðslur – samanburður áætlana og útkomu í ársreikningi. Áætlanir hafa staðist nokkuð vel og forsendur hafa verið varfærnar. Upphæðir eru í milljónum króna.

íbúanna. Útreikningar sem fjármáladeild bæjarins gerði fyrir nokkrum árum sýndu að ef launahækkunir hjá starfsmönnum bæjarins fylgja almennum hækkunum, þá fjármagna hækkunir á almenna markaðinum hækkunir hjá starfsmönnum bæjarins.

Við gerð áætlunar 2022 var lítil reynsla komin á sumar breytingar sem samið var um í lífsskjarasamningunum og því erfitt að áætla þær. Í áætlun velferðarsviðs 2023 er hækkun í launaáætlun sem rakin er til þessara samninga, sem ekki náðist að áætla fyrir árið 2022. Mikilvægt er að fara í frekari rýningu á þessum lið og ráðgert er að velferðarsvið, fjármálasvið og mannauðsdeild muni rýna þetta á næsta ári.

Að teknu tilliti til ofangreindra forsendna er áætlað að **útsvarstekjur** ársins 2023 muni nema um 30,55 milljörðum króna, sem jafngildir um 9,2% hækkun frá áætlun yfirstandandi árs og 8,78% hækkun frá útkomuspá yfirstandandi árs en vænt útkoma ársins 2022 er um 28 milljarðar króna.

FASTEIGNAGJÖLD

Áætlað er að fasteignagjöld skili bæjarsjóði samtals tekjum sem nemi tæplega 8,3 milljörðum króna þegar horft er framhjá verðbreytingum á sorphirðugjöldum. Þá reiknað með að hækkun fasteignaskatta á meðal íbúðareign í bænum verði um 4,9%, sem tekur mið af áætlaðri verðbólgu ársins 2023. Nánari upplýsingar um einstaka liði er að finna í umfjöllun hér fyrir neðan.

FASTEIGNASKATTUR

Á árinu 2022 voru álagningarhlutföll fasteignaskatta lækkuð og er það framhald af skattalækkunarferli sem hófst 2013. Á árinu 2023 er gert ráð fyrir áframhaldandi lækkun á hlutfalli fasteignaskatts sem og vatns- og holræsagjalds, bæði fyrir íbúðir og atvinnuhúsnaði. Fasteignaskattar lækka um sem nemur raunhækkun á fasteignamati á íbúða- og atvinnuhúsnaði, miðað við áætlaðri hækkun vísitölu neysluverðs ársins 2023.

Lóðarleiga íbúðar- og atvinnuhúsnaðis helst óbreytt.

Samkvæmt fjárhagsáætlun er lagt til að fasteignaskattur á íbúðarhúsnaði lækki úr 0,20% í 0,17% sem jafngildir 15% lækkun á skatthlutfallinu og fasteignaskattur á atvinnuhúsnaði lækkar úr 1,44 í 1,42%. Áætlað er að tekjur af fasteignaskatti aukist um 8,56% frá uppsafnaðri álagningu 2022 sem má að hluta rekja til hækkunar á fasteignamati en einnig magnaukningar, þ.e.a.s. áætlaðri fjölgun fasteigna í bæjarfélaginu og breytinga á byggingarstigi.



Fasteignaskattur á íbúðahúsnaði var lækkaður á yfirstandandi ári og gerir áætlun ársins 2023 ráð fyrir áframhaldandi lækkun.

SORPHIRÐUGJALD

Sorphirðugjöld munu hækka lítið eða úr kr. 47.400 í kr. 48.400. Sorphirðugjöld eiga að standa undir beinum kostnaði við sorphirðu og sorpeyðingu og er þannig beintengt við kostnað fyrir þessa þjónustu. Samkvæmt áætlunum var gert ráð fyrir að farið yrði í kostnaðarsama vinnslu á árinu 2022, en það hefur allt frestast. Því er til ákveðin inneign, eða skuld við íbúa, á þessum lið sem, eins og staðan er núna, heldur aftur af kostnaðarhækkunum á árinu 2023. Hins vegar má búast við töluverðum breytingum á árinu sem verður þá tekið á þegar þær liggja ljósar fyrir.

VATNSSKATTUR

Vatnsskattur lækkar á milli ára úr 0,064% í 0,060% af fasteignamati. Aukavatnsgjald lækkar í samræmi við leiðréttta vísitölu eða um 9,50%.

HOLRÆSAGJALD

Holræisagjald lækkar á milli ára úr 0,075% í 0,065% af fasteignamati.

LÓÐARLEIGA

Lóðarleiga á einingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis helst óbreytt á milli ára. Fyrir íbúðarhúsnæði verður leigan 21,43 kr./m² og lóðarleiga atvinnuhúsnæðis 180 kr./m².

AFSLÁTTUR TIL ELLI- OG ÖRORKULÍFEYRISÞEGA

Tekjumörk vegna afsláttar fyrir elli- og örorkulífeyrisþega hækka um 6,0% milli ára, en það tekur mið af hækkun á launavísitölu frá janúar 2021 til janúar 2022 og breytingu á fjárhæðum lífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun.

JÖFNUNARSJÓÐUR

Hluti af áætlunum Jöfnunarsjóðs bárust í október 2022 og eru þær færðar inn í fjárhagsáætlun auk áætlaðra viðbóta vegna aukinnar þjónustu við fatlaða.

GJALDSKRÁR OG KOSTNAÐARVERÐSBREYTINGAR

Við ákvörðun gjaldskrárbreytinga og kostnaðarverðshækkana annars rekstrarkostnaðar var horft til tveggja þátta, annarsvegar verðbólguvæntinga í þjóðhagssþá (júní 2022) og verðbólgu á yfirstandandi ári, umfram þær verðbólguvæntingar í þjóðhagssþá sem gert var ráð fyrir við við gerð fjárhagsáætlunar 2022. Verðbólguvæntingar í þjóðhagssþá eru 4,9% fyrir árið 2023 og verðbólga ársins 2022, stefnir í að vera 4,39% umfram það sem áætlað var við gerð fjárhagsáætlunar 2022. Í fjárhagsáætlun 2023 er því gert ráð fyrir 9,5% gjaldskrárhækkunum að jafnaði.

GJALDSKRÁR

Í fjárhagsáætlun 2023 er því gert ráð fyrir 7,7% gjaldskrárhækkunum að jafnaði. Á umhverfissviði eru gerðar breytingar á gjaldskrár með það að markmiði að gjaldskráin endurspegli betur hvernig kostnaðurinn fellur til.

Tekjur af þjónustu s.s. leikskóla og frístund hafa lækkað sem hlutfall af heildarkostnaði við reksturinn frá því sem var fyrir nokkrum árum. Sjá mynd sem sýnir breytingar frá árinu 2016. Áfram verður kostnaðarhlutdeild foreldra leikskólabarna óbreytt á árinu 2023 eða 11,9%. Hlutfallið á árunum 2022 og 2023 eru skv. áætlunum fyrir þau ár.

KOSTNAÐARVERÐSHÆKKANIR

Sökum þess að verðbólga yfirstandandi árs hefur verið töluvert meiri en gert var ráð fyrir við gerð fjárhagsáætlunar ársins er gert ráð fyrir að hækkunir á öðrum rekstrarkostnaði (vöru og þjónustukaupaliðir) séu meiri en skv. vísitöluhækkun í þjóðhagssþá á árinu 2023. Í fjárhagsáætlun er almenn hækkun þessara liða á bilinu 7-9,5%, frá áætlun yfirstandandi árs, og fer það eftir eðli kostnaðar en þó eru gjaldaliðir skoðaðir og tekið tillit til gildandi samninga og óhjákvæmilegra verðhækkana. Hækkun gjaldaliða er því mismunandi eftir eðli samninga.

LAUNAÁÆTLUN

Við gerð launaáætlunar er gert ráð fyrir kjarasamningsbundum launabreytingum. Ef samningar eru lausir er gert ráð fyrir launahækkunum í samræmi við þjóðhagssþá. Í áætlun 2023 er gert ráð fyrir 5,5% hækkun launa.



LYKILTÖLUR¹



Hér má sjá þróun launakostnaðar frá árinu 2016. Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers ár.



Á myndinni má sjá laun og launatengd gjöld í hlutfalli við rekstrartekjur. Þetta hlutfall hefur legið í kringum 50% og er áætlað að verði 52,6% árið 2023.



Ekki er um miklar sveiflur að ræða í rekstri þegar lykiltölur eru bornar saman á milli ára. Laun og launatengd gjöld í hlutfalli við rekstrartekjur hafa verið ríflega 50% undanfarin ár. Á árinu í ár var áætlað að um 52,4% af rekstrartekjum bæjarins fari í laun og tengd gjöld starfsmanna, sem má rekja til mikilla launahækkana undanfarin misseri. Á árinu 2023 er áætlað að þetta hlutfall hækki örlítið, eða í 52,6%.

Starfsmannakostnaður hjá bænum hefur farið hækkandi jafnt og þétt. Áætlað er að launakostnaður aukist um 2.639 m.kr. eða sem nemur 11,6% hækkun að nafnvirði eða 1,89% hækkun að raunvirði miðað við áætlaða breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára. Hækkunina má helst rekja til mikilla launahækkana vegna kjarasamninga og aukinna umsvifa vegna stækkunar bæjarins.


Annar rekstrarkostnaður sem hlutfall af rekstrartekjum lækkar lítillega á milli ára, en um 36,3% af heildartekjum af tekjum samstæðu fer til að greiða annan rekstrarkostnað.



Skuldir án lífeyrisskuldbindinga á hvern íbúa hafa hækkað lítillega undanfarin ár meðal annars vegna umfangsmikilla framkvæmda á vegum bæjarins en einnig hefur aukin verðbólga áhrif á skuldastöðuna.

Skuldir án skuldbindinga hækka frá fyrra ári. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í þúsundum króna.

Veltufé frá rekstri á hvern íbúa hækkar frá fyrra ári og nemur skv. áætlun næsta árs 103 þús.kr.



Veltufé frá rekstri á hvern íbúa hækkar frá fyrra ári. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í þúsundum króna.

Skatttekjur á hvern íbúa hafa farið vaxandi á milli ára og skv. framlagðri áætlun má gera ráð fyrir að þær verði 937 þús.kr. á íbúa á næsta ári. Hækkunina má helst rekja til að þess er vænst að samkvæmt þjóðhagsþá verði vinnumarkaðurinn sterkari á árinu 2023 en hann var á árinu 2022 og þar er gert ráð fyrir að laun hækki um 5,5% á milli ára. Einnig eru framlög Jöfnunarsjóðs að hækka samkvæmt áætlunum frá þeim sem og að vænst er aukinna framlaga vegna útgjalda sem framlögum er ætlað að standa undir.



Á myndinni má sjá skatttekjur í þúsundum króna á íbúa. Þessi upphæð hefur farið vaxandi og er áætlað að verði 937 þúsund krónur árið 2023.

ÁHERSLUR OG VIÐBÆTUR Á EINSTÖKUM SVIÐUM

VELFERÐARSVIÐ

Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir, hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

ÁRANGURSRÍKUR STUÐNINGUR VIÐ ÍBÚA

Á árinu 2023 verður áfram unnið markvisst að innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu **farsældar barna**, í samstarfi við menntasvið Kópavogsbæjar. Farið verður yfir skilgreiningar á verklagi ráðgjafa í málum þar sem foreldrar hafa þegar óskað eftir samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og í þeim málum þar sem slík beiðni liggur ekki fyrir og nýtt verklag verður innleitt meðal starfsmanna. Innleiðingarteymi farsældar ásamt stýrihópi Fléttunnar mun vinna að frekari þarfagreiningu á árinu er varðar bættu samvinnu þjónustuaðila svo unnt sé að stuðla að snemmtækum inngripum í málefnum barna og fjölskyldna. Jafnframt verður unnið að gerð heimasíðu farsældar á vef

Kópavogsbæjar þar sem íbúar og starfsmenn geta nálgast allar helstu upplýsingar um þá þjónustu sem börnum og fjölskyldum stendur til boða í sveitarfélaginu ásamt því að geta séð hverjir sinna hlutverki tengiliða og málstjóra á mismunandi stofnunum bæjarins.

Unnið verður að útfærslu og innleiðingu á nýju skipulagi á starfsemi velferðarsviðs með það að markmiði að skipulagsheildin mæti sívaxandi þörf fyrir sérhæfingu samhliða samstilltri og skilvirkni þjónustu. Til þess að ná fram því markmiði er gert ráð fyrir ráðningu forstöðumanns nýrrar samræmdrar stuðnings- og stoðþjónustu velferðarsviðs þvert á málaflokka og deildir með stofnun „Kjarnans“ sem mun halda utan um framkvæmd þjónustunnar.

Fyrirkomulag á stuðningsþjónustu til fullorðins fólks verður endurskoðað og þá sérstaklega varðandi framkvæmd og skipulags þjónustunnar í takt við nýjar áherslur í lögum frá árinu 2018. Ljúka þarf gerð nýrra reglna um þjónustuna sem sveitarfélögum ber lögum skv. skylda til þess að hafa til staðar. Á árinu 2023 verður farið í nánari greiningarvinnu til þess að meta umfang nýrra reglna og áhrif á kostnað.

Farið verður yfir öll stöðluð bréf sem send eru til notenda þjónustu velferðarsviðs svo tryggt sé að þau séu á vönduðu og skýru máli sem er aðgengilegt mismunandi hópi notenda.

Fjölbreyttar leiðir verða nýttar í samtarfi við almannatengil til þess að miðla upplýsingum og fréttum um velferðarþjónustuna svo tryggt sé að velferðarsvið sé þátttakandi í opinberri umræðu um velferðarmál.

Áfram verður unnið að þróun stafrænna lausna og innleiðingu velferðartæknilausna innan velferðarsviðs. Mótuð verður ætlun um stefnu velferðarsviðs í stafrænni þróun til þess að mæta betur þörfum notenda þjónustunnar.

GÓÐ ALMENN FÉLAGSÞJÓNUSTA

Áhersla verður lögð á skjóta svörun erinda sem berast á ráðgjafavakt velferðarsviðs svo hægt sé að efla þjónustu við notendur.

Stuðlað verður markvisst að gerð einstaklingsáætlana vegna notenda sem eru á fjárhagsaðstoð í fjóra mánuði eða lengur til þess að efla félagslega stöðu og virkni notenda eins og kostur er.

GÓÐ ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK OG FJÖLSKYLDUR ÞEIRRA

Stuðnings- og stoðþjónusta verður eflað með endurskoðun á framkvæmd og skipulagi þjónustunnar með stofnun „Kjarnans“.

Þátttaka ráðgjafa fatlaðra barna verður tryggð í samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, með innleiðingu nýs verklags meðal allra starfsmanna.

Gerð verður könnun meðal foreldra fatlað barna um hvernig úrræði eða þjónustu geti mætt mismunandi þörfum. Farið verður yfir hvernig best sé að draga fram viðhorf fatlaðra barna og ungmenna og hvernig stuðningur þeim þykir mikilvægur.

Haldið verður áfram með undirbúning að stofnun skammtímadvalar fyrir fötluð börn með það að markmiði að fækka börnum á biðlista eftir skammtímadvöl. Vinnuhópur mun vinna áfram að greiningu á húsnæðiskosti í samstarfi við umhverfissvið og skila niðurstöðum á vormisseri 2023.

Á árinu verður unnið að undirbúningi vegna opnun nýs íbúakjarna fyrir fatlað fólk í Kleifakór. Fyrirhugð verklok eru áætluð á árinu 2024.

Skipaður verður vinnuhópur til þess að endurskoða núgildandi húsnæðisáætlun í málaflokki fatlaðs fólks. Vinnuhópurinn mun skila tillögum að endurskoðaðri húsnæðisáætlun með hliðsjón af lagabreytingum frá 2018.

GÓÐ ÞJÓNUSTA VIÐ ALDRAÐA OG AÐSTANDENDUR ÞEIRRA

Bætt verður við einu stöðugildi innlitsstarfsmanns í starfar í **stuðningsþjónustu aldraðra** með áherslu á kennslu og þjálfun í heimahúsi undir leiðsögn iðjuþjálfara en mikil aukning hefur orðið á beiðnum um innlitsþjónustu undanfarin misseri.

Í ársbyrjun 2023 mun velferðarsvið taka við umsjón og ábyrgð með starfsemi þriggja félagsmiðstöðva aldraðra. Verkefnið færir frá menntasviði til velferðarsviðs með það að markmiði að auka samfellu í þjónustu við aldraða.

Stofnaður verður vinnuhópur sem mun greina stöðu aldraðra Kópavogsbúa sem eru á bið eftir dagdvalarúrræði ásamt því að greina húsnæðisþörf dagdvalar svo unnt sé að hefja undirbúning að fjölgun dagdvalarýma. Teknar verður upp samningaviðræður við heilbrigðisráðuneytið vegna þessa.

BARNAVERND

Útbúið verður rafrænt námskeið fyrir starfsmenn leik- og grunnskóla er varðar þjónustu velferðarsviðs til barna og fjölskyldna og um starfsemi og þjónustu barnaverndar.

Verklag verður skilgreint svo þátttaka starfsmanna barnaverndar sé tryggð þegar kemur að samþættri þjónustu í þágu farsældar barna með innleiðingu nýs verklags meðal allra starfsmanna.

Í samvinnu við sveitarfélögin í Kraganum verður stofnað **Umdæmisráð** barnaverndar þar sem brugðist er við breytingum á barnaverndarlögum nr. 80/2002. Barnaverndarnefndir sveitarfélaganna verða lagðar niður og í þeirra stað taka til starfa sjálfstætt starfandi umdæmisráð frá 1. janúar 2023 þar sem ráðnir verða þrír faglegir ráðsmenn. Umdæmisráðinu er ætlað að taka mál til umfjöllunar sem þarf að kveða upp úrskurði í barnaverndarmálum skv. 26, 27., 28., 29, 74. og 81. gr. fyrrnefndra laga.

Málavinnsla í barnavernd verður bætt með því að skilgreina **teymisstjóra** í könnunar- og meðferðarteymi barnaverndar. Tveir starfsmenn barnaverndar fá því aukna ábyrgð þar sem markmiðið er að efla faglegu þekkingu teymanna og styðja betur við deildarstjóra.

Starfshópur sem er skipaður fulltrúum frá barnavernd Kópavogsbæjar og Hafnarfjarðar mun skila af sér skýrslu þar sem lagðar eru fram tillögur um stofnun sameiginlegs vistheimilis barnaverndar í samvinnu sveitarfélaganna tveggja. Kostnaðarmat, þarfagreining og mat á húsnæðisþörf mun liggja fyrir á vormisseri 2023 og stefnt að því að nýtt vistheimili gæti hafið starfsemi sína árið 2024.

MENNTASVIÐ

Fjárhagsáætlun tekur almennt mið af fyrirbyggjandi úthlutunarreglum vegna stöðugilda, yfirvinnutíma, álags sem og annarra þátta. Breytingar geta verið misjafnlega miklar milli skóla og stofnana eftir því hvernig aðstæður breytast á hverjum stað fyrir sig.

HELSTU BREYTINGAR FRÁ ÁÆTLUN ÁRSINS 2022

Hér að neðan er yfirlit yfir þær tillögur um breytingar á fjárhagsáætlun menntasviðs sem lagðar eru til fyrir fjárhagsárið 2023.

BARNVÆNT SAMFÉLAG

Heimgreiðslur - Lagt er til að greiddar verði heimgreiðslur til foreldra barna sem ekki eru hjá dagforeldrum og bíða eftir leikskólaplássi í Kópavogi, frá 12 mánaða aldri og þar til barn kemst inn á leikskóla eða til dagforeldris. Heimgreiðslur taki gildi 1.sept. 2023 og upphæð heimgreiðslna verði 65 þús.kr. á mánuði, þ.e. 19 m.kr. í fjárhagsáætlun 2023. Tillögur að nánari útfærslu og reglum um heimgreiðslur verða lagðar fyrir bæjarráð til samþykktar.

Dagforeldrar – Lagt er til að hugað verði að því að skapa aðstöðu fyrir dagforeldra með það að markmiði að fjölga dagforeldrum í Kópavogi. Húsnæðismál leikvalla í bænum verði skoðuð í samstarfi

við Umhverfissvið og möguleikar skoðaðir til nýtingu húsnæðis á lóðum leikvalla.

Starfsumhverfi leikskóla – Vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á starfsumhverfi leikskóla samhliða nýjum kjarasamningum hefur álag aukist. Lagt er til að komið sé til móts við breyttar aðstæður með breyttum viðmiðum á úthlutuðum stöðugildum. Áætlaður kostnaður er 70 m.kr. í fjárhagsáætlun 2023. Samhliða verði starfsumhverfi leikskóla skoðað í samráði við leikskólastjórnendur og hagaðila.

Talmeinafræðingar – Til þess að þjónusta talmeinafræðinga sé í samræmi við sett markmið og kröfur um þjónustu grunnskóla er gert ráð fyrir aukningu um 20 tíma á viku frá hausti 2023, áætlaður kostnaður í fjárhagsáætlun 2023 er 3 m.kr.

Stuðningur í frístund – Vegna aukinna þarfa á stuðningi við nemendur í frístund er gert ráð fyrir að úthlutaður stuðningur aukist um 1 stöðugildi, frá hausti 2023. Áætlaður kostnaður er 3,5 m.kr. í fjárhagsáætlun 2023.

Askur-kennsluhugbúnaður – Á árinu verður hafið tilraunaverkefni í tveimur skólum með innleiðingu á Aski, námsumsjónarkerfi fyrir grunnskóla. Askur er sérsniðið námsumsjónarkerfi sem gefur yfirsýn yfir framkvæmd nútíma skólastarfs, styður við starf kennarans og auðveldar skipulag og framkvæmd náms án aðgreiningar. Áætlaður kostnaður er 7 m.kr. í fjárhagsáætlun 2023.

Nemendur með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT) - Nemendum með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT) hefur fjölgað mikið í grunnskólum Kópavogs undanfarin ár og útlit fyrir að svo verði áfram. ÍSAT nemendum fjölgaði um rúmlega hundrað milli skólaára. Til þess að bregðast við fjölgun ÍSAT nemenda er aukin fjárheimild til málaflokksins aukist um 30 m.kr. í fjárhagsáætlun 2023.

Sérdeild einhverfra – Í Álfhólsskóla og Salaskóla eru starfandi sérdeildir fyrir einhverf börn. Deildirnar eru í dag fullsetnar og eru auk þess nemendur í öðrum skólum sem annars uppfylla skilyrði fyrir inntöku í einhverfudeild. Til þess að hver og einn skóli geti sinnt þörfum einhverfra barna í sínum skóla er einhverfudeildum veitt svigrúm til ráðgjafar við aðra skóla. Gert er ráð fyrir ráðgjöf í 8 kennslustundir á viku í hvorri deild. Áætlaður kostnaður í fjárhagsáætlun 2023 er 3,2 m.kr.

Gjaldfrjáls íþrótt eða tómstund fyrir 5 ára börn - Frístundastyrkur fyrir börn á 6. aldursári verður hækkaður frá áramótum með það að markmiði að börn á þeim aldri geti stundað eina íþróttagrein/tómstund foreldrum að kostnaðarlausu. Áætlaður kostnaður er 3 m.kr. í fjárhagsáætlun 2023 vegna þessa.

ÍPRÓTTAMÁL

Heilsuefning eldri borgara, „Virgni og vellíðan“ - Frá og með hausti 2022 taka 200 iðkendur þátt í verkefninu „Virgni og vellíðan“, samstarfsverkefni Kópavogs og þriggja stærstu íþróttafélaga bæjarins. Verkefnið hefur notið velgengni, mikil ánægja er meðal eldri borgara og önnur sveitarfélög hafa sýnt því mikinn áhuga. Stefnt er að því að fjölga iðkendum í 305 á næsta ári og fjölga þjálfunarstöðum með því að bjóða einnig upp á þjónustu í félagsmiðstöðvum eldri borgara fyrir þá sem eiga erfitt með að komast að heiman. Styrkur til SÍK verður hækkaður um 6m.kr. í fjárhagsáætlun 2023 til að standa undir stækkun verkefnisins með ofangreindri fjölgun þátttakenda og þjálfunarstaðsetninga.

Boðalaug – Boðið verður upp á sumaropnun við Boðalaug. Áætlaður kostnaður er 1,6 m.kr. í áætlun 2023.

Íþróttahús Vatnsendaskóla – Gert er ráð fyrir hækkingu áætlunar vegna viðhalds og endurnýjunar á búnað fyrir hópímleika. Liðurinn hefur verið vanáætlaður en nú hefur viðhaldsþörf aukist og tímabært að bæta þar úr. Áætlaður kostnaður í áætlun 2023 er 1,1 m.kr.

Sundlaugar - Ráðinn verður tæknistjóri við Salalaug, sem einnig sinnir sundlauginni í Boðarþingi. Undanfarin ár hefur einn tæknistjóri sinnt öllum þremur sundlaugum bæjarins en sundlaugar að sambærilegri stærð og Salalaug og Kópavogslaug hafa almennt einn tæknistjóra hver. Á móti fellur niður ýmiss aðkeypt þjónusta vegna viðhalds auk þess sem betur verður hægt að sinna eftirliti og viðhaldi með umfangsmiklum tækjabúnaði sundlauganna. Kostnaðaraukning í fjárhagsáætlun að teknu tillit kostnaðar sem fellur niður á móti er 6 m.kr. í áætlun 2023.

Íþróttahúsið Digralesi - Gert er ráð fyrir aukningu um 0,5 stg. vegna aukinnar starfsemi í húsinu. Áætlaður kostnaður í áætlun 2023 er 3,8 m.kr.

UMHVERFISSVIÐ

FRAMKVÆMDIR

Ráðist verður í miklar framkvæmdir á vegum Kópavogsbæjar á næsta ári þar sem framkvæmt verður fyrir um 6 milljarða króna. Að neðan er að finna upptalningu á umfangsmestu framkvæmdunum sem eru fjármagnaðar úr eignasjóði (fyrir 100 m.kr. og hærra)

SKÓLAR

Nýr **Kársnesskóli** við Skólagerði er í byggingu auk þess sem nýr leikskóli mun rísa samhliða. Verður 3,8 milljörðum króna varið í það verkefni á næstu tveimur árum. Í áætlun 2023 verður 2 milljörðum króna varið í byggingu skólans og leikskólans.

Leikskólinn **Skólatröð** verður byggður, áætlað fjármagn er um 400 milljónir króna á árinu 2023 en áætluð verklok er 2024.

Á næstu þremur árum er áætlað að verja um 1.510 milljónum króna í **nýbyggingu leikskóla**. Þá verða **skóla- og leikskólalóðir** endurnýjaðar samkvæmt áætlun.

ÍÞRÓTTAMANNVIRKI

Gervigras verður endurnýjað á **Kópavogsvelli** á árinu 2023. Undirbúningur fyrir byggingu **aðalvallar HK** verður haldið áfram.

AÐRAR EIGNIR

Á áætlun ársins 2023 er gert ráð fyrir 250 milljónum króna í kaup á **félagslegu húsnæði** en þessir fjármunir eru hugsaðir sem 12% framlag á móti 18% framlagi frá ríkinu. Varið verður 300 milljónum króna í nýtt **sambýli við Kleifakór** með sjö íbúðum auk þjónustu vegna samnings bæjarins við velferðarráðuneytið vegna **Kópavogsbrautar 5a**.

Hjúkrunarheimilið Boðaping verður stækkað og ráðgert fjármagn er 175 milljónir króna á árinu 2023. Bætt verður við 64 hjúkrunarrýmum og byggingin verður alls 4400 m² að stærð. Áætluð verklok eru 2024 en framkvæmdin er samkvæmt samningi við ríkið sem greiðir 85% af kostnaði á móti 15% framlagi Kópavogsbæjar.

Þá er ráðgert að um 214 milljónum króna verði varið í uppbyggingu á **skíðasvæði í Bláfjöllum** á árinu 2023 en það er samstarfsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Tvær nýjar stólalyftur verða teknar í notkun á árinu og svæðið stækkað til muna og gönguskiðaaðstaða bætt.

Gert er ráð fyrir 15 m.kr. framlagi fyrir ráðgjafavinnu vegna undirbúnings að framkvæmd stokks yfir Reykjanesbraut.

Gert er ráð fyrir að verja um 901 milljónum króna í **viðhald fasteigna** og lóða hjá eignasjóði þar sem áhersla verður lögð á fyrirbyggjandi viðhald með umhverfisvænum lausnum. Áætlaðar eru um 300 milljónir til viðhalds og **endurbóta félagslegra íbúða**. Ráðið verður í nýtt stöðugildi hjá framkvæmdadeild (14 m.kr.) svo sinna megi betur þeim viðhaldsverkefnum sem eru framundan. Einnig verður unnið markvisst að bæta **loftgæði í stofnunum** bæjarins.

BETRA UMHVERFI OG UMFERÐARÖRYGGI

Um 1,76 milljörðum króna verður varið í **gatnagerð** og skipulagsmál á næsta ári. Samhliða fjölgun íbúða í sveitafélaginu verður umtalsverðum fjármunum varið í gatnagerð í nýjum og eldri hverfum bæjarins. Á árinu 2023 verður 120 milljónum króna varið í að klára endurbætur á **Smárahvammsvegi** og endurnýjunar **umferðarljósa við Fífuhvammsveg**. Um 120 milljónum króna verður varið í gatnagerð á **Kársnesi** auk þess sem 203 milljónum króna verður varið í **Samgöngusáttmálann**. Þá verður 133 milljónum króna varið í fræslu og heilyfirlögn gatna og 152 milljónir nýttar í viðhald og minni malbiksviðgerðir á öllum götutegundum í öllum hverfum bæjarins. Einu stöðugildi verður bætt við á umhverfisviði vegna **yfirtöku á stýringu götuljósakerfi** bæjarins. Þá verður haldið áfram útskiptingu í **umhverfisvænni lampa**. Þá verður skipulagsvinnu við nýtt hverfi í Vatnsendahvarfi kláruð á árinu 2023 samhliða hönnun á gatnagerð.

ÍBÚALÝÐRÆÐI

Haldið verður áfram með íbúalýðræðisverkefnið „Okkar Kópavogur“ þar sem íbúar ákveða sjálfir tiltekin verkefni sem dreifast um allan bæinn. Á árinu 2023 verður 120 m.kr. varið í verkefnið. Aukin áhersla verður á **íbúasamráð** og þátttöku íbúa í skipulagsmálum með auknu fjármagni í kynningar.

STJÓRNSÝSLUSVIÐ

Á málaflokk 21 er annars vegar færður kostnaður stjórnsýslusviðs og fjármálasviðs og hins vegar ýmis sameiginlegur kostnaður sem er ekki hluti af almennum rekstri bæjarins.

Hluti þeirra útgjalda sem færast á sameiginlegan kostnað er utan reksturs fjármála- og stjórnsýslusviðs og hefur bærinn lítil áhrif áhrif á þau útgjöld. Sem dæmi má nefna liði eins og kosningar, bæjarráð, bæjarstjórn, áfallið orlof, en slík orlofsskuldbinding tengist öllum starfsmönnum bæjarins og ýmislegt fleira.

ÁBYRG STJÓRNSÝSLA

Ráðist verður í verkefni með stofnunum Kópavogsbæjar við að undirbúa skjalavistunaráætlanir en stefnt er að því að hefja rafræna varðveislu á gögnum.

Unnið verður að viðbragðsáætlun við netárásam og þær prófaðar.

Fræðsla og þjálfun starfsfólks í gæða- og persónuverndarmálum heldur áfram.

Innleidd verður öryggisvitundarfræðsla. Öryggisvitundarnámskeið verður í boði fyrir allt starfsfólk stjórnsýslu Kópavogsbæjar.

STEFNUMIÐAÐIR STJÓRNARHÆTTIR

Þekking á stefnumiðuðum stjórnarháttum verður efld með vinnustofum og námskeiðum fyrir starfsfólk, bæjarstjórn, nefndir og ráð.

MIKILVÆGI MANNAUÐS

Boðið verður upp á hreyfiviðburði og fræðslu í geðheilbrigði fyrir starfsfólk til að leggja grunn að góðri geðheilsu.

Lykilmælikvörðum mælaborð mannauðs verður fjölgað.

Fjármagni er ráðstafað til að fylgja eftir umbótaverkefnum út á sviðum sem ráðist er í á forsendum vinnustaðagreiningar. Stefnt er að því að umbótaverkefnin auki starfsánægju og starfsumhverfi í öllum stofnunum Kópavogsbæjar.

Farið verður í markvissa vinnu til að efla jákvæða ásýnd Kópavogsbæjar t.d. með kynningum, atvinnuauglýsingum og myndböndum jafnt á samfélagsmiðlum sem öðrum miðlum.

STAFRÆN VEGFERÐ

Haldið verður áfram að rafvæða umsóknir og eyðublöð í innri starfsemi Kópavogsbæjar.

Rafrænir ráðningarsamningar verða innleiddir í starfsemi Kópavogsbæjar og hafin verður vinna við að rafvæða starfsmannaferla.

Haldið verður áfram með átaksverkefni við að gera þjónustu Kópavogsbæjar aðgengilega rafrænt.

Nýjar tæknilausnir verða innleiddar á bókasafni Kópavogs.

Farið verður í átaksverkefni við að innleiða TEAMS í öllum deildum og stofnunum Kópavogsbæjar.

Bætt er við fjármagni til frekari þátttöku í stafrænu samstarfi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Markmið verkefnisins er að auka samstarf um hugbúnaðarlausnir og samræma opinbera þjónustu við íbúa.

NÝSKÖPUN Í OPINBERRI ÞJÓNUSTU

Þjónusta við íbúa verður bætt með áframhaldandi þróun og umbótum á þjónustuappi.

Hafin verður vinna við að koma samskiptum við íbúa í samræmt kerfi sem m.a. vinnur með pósthólfi island.is.

Unnið verður að því að finna staðsetningar fyrir hleðslustæði í samráði við umhverfissvið og bjóða út.

ÍBÚALÝÐRÆÐI

Samtal við íbúa um menningarmál verður eftl.

Komið verður á fót samskiptaráði.

FJÖLBREYTT SAMFÉLAG

Skapaður verður vettvangur fyrir fólk af erlendum uppruna til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri með útvíkkun jafnréttis- og mannréttindaráðs svo það taki til fjölmenningar.

Aðferðafræði Vatnsdropans verður gefin út.

Ráðist verður í aukið menningarsamstarf á innlendum vettvangi.

Unnið verður að úttekt mögulegra rýma fyrir menningarstarfsemi.

Miðlun náttúruvísinda með áherslu á umhverfisvernd verður efld en komið verður á sérstöku námskeið um efnið fyrir grunnskólabörn.

Ráðist verður í viðgerðir á utilistaverkum í samstarfi við umhverfissvið. Unnið verður að því að færa listina nær íbúum með því að fjölga utilistaverkum á þeim svæðum þar sem þau eru fá eða engin.

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

Unnin verður fræðsluáætlun fyrir starfsemi Geðræktarhúss í samstarfi við starfsfólk, fagfólk og börn.

Ákveðið hefur verið að bjóða starfsfólki ókeypis í sund í þeim tilgangi að bæta almenna líðan starfsfólks og stuðla að heilsusamlegri hreyfingu.

Aukið verður framboð viðburða sem sameina menningu og lýðheilsu, má nefna útilistaverkagöngu og byggingarlistagöngu.

Aðferðafræði lýðheilsuáætlunar verður þróuð áfram og prófuð á verkefni á vegum Kópavogsbæjar.

Áfram verður unnið að verkefninu Heilsueflandi samfélag.

Mat verður lagt á vinnuáðstöðu barna í skólum í samstarfi við grunnskóla Kópavogsbæjar.

Farið verður í fræðsluáttak meðal starfsfólks til að draga úr matarsóun. Boðið verður upp á sem tilraunaverkefni að nálgast afgangsmat hádegisverðar í lok dags fyrir starfsfólk bæjarskrifstofa.

MIÐLUN UPPLÝSINGA

Bætt hefur verið við fjármagni til að styrkja upplýsingamiðlun Kópavogsbæjar með það að markmiði að auka jákvæða og upplýsandi miðlun um Kópavogsbæ á fjölbreyttum miðlum.

Aðgengi íbúa af erlendum uppruna að heimasíðu Kópavogsbæjar verður aukið með þýðingu á mikilvægum upplýsingum á heimasíðunni.

FJÁRMÁLASVIÐ

Mikil áhersla verður lögð á öfluga skýrslu- og upplýsingagjöf með hagnýtingu tækninnar til að **auka sjálfvirknivæðingu** í verkefnum sviðsins. Áfram verður haldið með að auka sjálfvirkni í skýrslugjöf í Power Bi í samstarfi við upplýsingatæknideild. Hægt hefur gengið að koma gögnum úr launakerfi í vöruhús gagna en búið er að koma bókhaldsgögnum í vöruhúsið og byggja upp margar skýrslur sem byggja á þeim.

Viðbótarfjármagni er veitt til að ráða nemanda í sumarstarf til að búa til áhugaverðar **lykiltölur**, s.s. einingaverð ýmissa þjónustuliða og kostnað ýmissa þjónustupátta pr. íbúa í bænum.

Viðbótarfjármagni, 1 m.kr., er veitt til að þróa **rafræna gátt fyrir endurgreiðslu útlagðs kostnaðar**. Verkefnið verður unnið í samvinnu við UT deild.

Stefnt er að **breytingu á verklagi við samþykkt reikninga**. Gert er ráð fyrir tímabundnu viðbótarstöðugildi, í rúmt ár, til að undirbúa og innleiða breytinguna. Gert er ráð fyrir að verkefnið hefjist vorið 2023 og innleiðingu verði lokið haustið 2024.

Á árinu verður jafnframt lögð áhersla á **virkt samtal við stjórnendur** bæjarins með það að markmiði að fá rétt og tímanleg gögn frá þeim. Sammerkt er með flestum deildum sviðsins að þær eru mjög háðar því að fá rétt gögn á réttum tíma, til að geta klárað launavinnslu, bókhald og innheimtu. Mikil soun á vinnutíma verður þegar stjórnendur klára ekki sinn hluta á réttum tíma.

Í innkaupadeild er verið að vinna að **aukinni skilvirkni í innkaupum** sem mun auka hlutfall innkaupa við samningsaðila. Verið er að skoða innleiðingu á vefverslun fyrir kaup á vörum og þjónustu samningsbirgja með tengingu við bókhald bæjarins. Þarfragreiningu er ekki lokið og því var ekki unnt að kostnaðarmeta verkefnið.

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Fjárhagsáætlun tekur mið af því að ekki er ráðgert að haldnar verði kosningar á árinu. Áætlun er lækkuð sem því nemur.

Í fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir að hagrætt verði um 230 m.kr. á árinu. Markvisst verður farið í að útfæra hagræðinguna með aðstoð ráðgjafa og gert er ráð fyrir að hún verði útfærð á allra næstu mánuðum.

Búið er að taka frá fjármagn til að fjölga starfsfólki í þjónustu velferðarsviðs ef þörf er á. Verið er að taka saman upplýsingar um magntölur í veittri þjónustu og í framhaldi verður metið hvort bæta þurfi við fjármagni í málaflokkinn.

Jafnframt er búið að taka frá fjármagn til að mæta mögulegum kostnaði / tekjutapi sundlauga við að bjóða starfsfólki að fara ókeypis í sund í laugum bæjarins.

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Eftirfarandi forsendur eru notaðar við gerð áætlunar:

VAXTATEKJUR

Hér eru bókaðar allar vaxtatekjur sem Kópavogsbær fær. Langstærsti liðurinn er reiknaðar vaxta- og verðbólgatekjur af fjárbindingu í eignum bæjarins sem gera um 2.719 milljónir kr. og aukast um 20 m.kr. á milli ára. Þessar tölur eru reiknaðar samkvæmt opinberum reglum og mynda grunn að innri leigu stofnana bæjarins.

Við útreikninginn er nú miðað við heldur lægri vexti og gert var vegna 2022 og reiknað með að verðbólga verði 4,9%, eins og við fyrri umræði, en aukning tekna hér myndi skila samsvarandi hækkun hjá þeim stofnunum sem verið er að fjármagna. Hluti af innri fjármögnun kemur svo frá Fráveitu og Vatnsveitu, en þar er að safnast upp krafa innan samstæðu sem á að koma á móti fyrirhuguðum framkvæmdum á næstu árum.

Varðandi aðrar vaxtatekjur, þá er reiknað með að vanskil verði svipuð og á árinu 2022 og að niðurfærsla eldri vaxtatekna verði óbreytt, því verði jafnvægi í inn- og útflæði á þessum lið.

TEKJUR AF EIGNAHLUTUM

Hér er gert ráð fyrir ágóðahlutdeild af eign bæjarins í Brunabótarfélaginu. Bærinn hefur ekki fengið arð frá Lánasjóði sveitarfélaga undanfarin ár, er hér því ekki gert ráð fyrir arði frá sjóðnum.

VAXTA- OG VERÐBÓTAGJÖLD

Í þjóðhagsspá frá júní 2022 var áætlað að verðbólga ársins 2023 verði 4,9%, en í nóvemberspá er þetta hlutfall hækkað í 5,6%. Við útreikning vaxta- og verðbóta á utanaðkomandi lánum er reiknað með 5,6% verðbólgu á næsta ári og er það breyting frá fyrri umræðu þegar notast var við 4,9% verðbólgu.

HÚSNÆÐISNEFND KÓPAVOGS

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir Húsnæðisnefnd Kópavogs (HNK) er gert ráð fyrir 4,9% hækkun húsaleigu milli áranna 2021 og 2022, enda er nú farið að verðleiðrétta leiguna mánaðalega. Þessu hefur ekki verið breytt á milli umræðna.

Allnokkuð fé er sett til viðbótar á viðhaldsliði og miklar framkvæmdir hafa verið á vegum framkvæmdasjóða húsfélaga þar sem bærinn á íbúðir. Viðhaldsliðir í áætlun varla náð að elta þessar hækkanir. Í áætlun 2023 er því framlag til vöru- og þjónustuliða, þ.e. aðallega viðhalds íbúðanna hækkað um 62 m.kr.

HLUTDEILD Í FÉLÖGUM SEM BÆRINN BER REKSTRARLEGA ÁBYRGÐ Á – BREYTING Á FRAMSETNINGU

Á árinu 2021 var gerð eftirfarandi breyting á 3. mgr. 20 gr. reglugerðar um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga númer 1212/2015:

Byggðasamlög, sameignarfélag, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags, skulu færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags, þ.e. sveitarfélag skal færa skal hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags, óháð stærð eignarhluta.

Áhrif hlutdeildarfélaganna má sjá í listanum undir málaflokki 59. Þetta eru Sorpa, Strætó, Slökkviliðið og Heilbrigðiseftirlitið. Í rekstraryfirlitinu má sjá línu undir A-

hluta sem heitir Hlutdeild minnihluta í afk. dótturfélaga og í rekstri og efnahag sýnir einn dálkurinn í A-hluta hlutdeild bæjarins í rekstri þessara félaga.

DRÖG